

Tryggvi Felixson, 9. nóvember 2011,

## **Athugasemdir við þingsályktunartillögu um rammaáætlun**

### **Almennar athugasemdir**

Rík ástæða er til að fagna framkomnum drögum að að þingsályktunartillögu um rammaáætlun. Umfangsmikil og vönduð vinna liggur að baki sem og góður vilji til að skoða auðlindanýtingu í stærra samhengi en gert hefur verið hingað til. Þessi vinna skapar forsendur fyrir því að taka megri yfirvegaðar og skynsamrar ákvarðanir um landnotkun. Það því mikilvægt að Alþingi bindi nú endahnút á þennan áfanga á núverandi þingi. Tillagan sem lögð hefur verið fram til umsagnar er á margan hátt vel útfærð málamiðlun sem ætti að auðvelda bæði umhverfisráðherra og Alþingi að finna ásættanlega lausn sem dugar í einhvern tíma.

Mitt grundvallar sjónarmið er að fara beri mjög varlega við að nýta verðmætt land til virkjunarframkvæmda ef það veldur skaða á náttúru og landslagi. Ríkir samfélagslegir hagsmunir þurfa að vera í húfi ef fórn á náttúruarfi fyrir orku. Nú þegar hefur orkuþörf þjóðarinnar verið mætt og hagkvæmasti virkjunarkostur framtíðarinnar er bætt orkunýtni. Náttúra landsins, víðerni og hálendi eru á bæði hagræna og menningarlega mælikvarða ein verðmætasta auðlind þjóðarinnar sem ber að vernda til framtíðar.

Hér á eftir fara nokkur atriði sem ég staldraði við þegar ég fór yfir drögin að tillögunni og önnur gögn sem fram hafa komið um rammaáætlun 2.

### **Norðlingaölduveita**

Í tillögunni er Norðlingaölduveita sett í verndarflokk. Það kom ekki á óvart. Mér virðist þó að það hafi ekki hafa komið skýrt fram að þetta svæði á heima á heimsmínjaskrá, eins og erlendir sérfræðingar hafa bent á.

### **Jökulárnar í Skagafirði**

Það kemur á óvart að jökulsárnar í Skagafirði skuli vera í biðflokki. Ef ég skil matið rétt eru þar mikil náttúruverðmæti í húfi og gæði gagna nokkuð góð. Framkomin gögn benda því einhliða til þess að þær eigi heima í verndarflokki.

### **Hvalá og orkuöryggi**

Hvalaá í Ófeigsfirði er í tillögunni sett í virkjunarflokk. Hún fékk annars nokkuð háa náttúruferseinkunn og skaðinn af virkjun verulegur, einkum vegna línulagna, ef marka má mat faghóps I. Í skýringum segir að orkuöryggi á Vestfjörðum sé helsta ástæðan fyrir að hún falli í virkjunarflokk. Orkuöryggi er

mikilvægt og réttmætt sjónarmið. En er ekki hægt að tryggja það með öðrum hætti?

## **Brennisteinsfjöll og Grændalur**

Það er skynsamlegt setja að Brennisteinsfjöll og Grændalur í verndunarflokk eins og lagt er til. Í þingsályktunartillögunni er minnst á þann möguleika að gera svæðið frá Innstadal og austur í Grændalur að griðlandi og útivistarsvæði, með Ölkelduhálsi. Þetta er heillandi svæði, miðja Hellisheiðarinnar, og hefur lengið verið eitt mikilvægasta útivistarsvæðið í nágrenni fjölmennasta hluta landsins.

## **Meint arðsemi veita**

Alvarleg aðferðafræðileg villa hjá faghópi IV við flokkun virkjana í hagkvæmisflokka virðist því miður staðreynd. Ef ég skil rétt eru kostir flokkaðir í hagkvæmisflokka eftir stofnkostnaði. Fram kemur að flokkur I, sem er mesta hagkvæmni miðast við að stofnkostnaður, sé undir 27 kr/kWh/ár). Í þennan flokk fellur til að mynda Norðlingaölduveita. Hún er því um þessar mundir tilgreind sem mjög arðbær virkjunarkostur í samanburði við ýmsa aðra í umræðunni um rammaáætlun.

Norðlingaölduveita sem slík skilar ekki rafmagni beint sjálf. Hún beinir meira vatni til virkjana sem þegar eru fyrir hendi. Skv. upplýsingum sem ég hef frá Landsvirkjun, felst kostur/hagkvæmni Norðlingaöldu í því, að með henni mun verða hægt að selja ódýra ótrygga orku (sem seld er í dag) sem dýrari tryggja orku. Norðlingaalda á að mæta slæmum vatnsárum sem koma að jafnaði á tíu ára fresti. Tekjuauki LV yrði mismunurinn á þeim tekjustraumi sem kemur frá sölu á ótryggðri orku annars vegar og tryggðri orku hinsvegar, að frádregnum stofnkostnaði og auknum rekstrarkostnaði annarra mannvirkja sem þjóna veitunni. Þetta á væntanlega einnig við aðrar veitur í rammaáætlun (Skaftárveitu með miðlun í Langasjó og Tungnaárlón). Það er því villandi að beita þeirri aðferðafræði sem notuð er í rammaáætlun II til að gefa mynd af hagkvæmni Norðlingaölduveitu (og Skaftárveitu og Tungnaárlóni) í samanburði við aðrar virkjanir sem skoðaðar eru. Þar er verið að bera saman veitu við orkuver með öllu sem til heyrir og með þar til gerðum tengingum. Að líta eingöngu til stofnkostnaðar við samanburð er villandi. Munurinn gæti orðið umtalsverður, og niðurstöður gætu afvegaleitt umfjöllun, og þar með umræðuna um þingsályktunartillöguna. Það er verið að bera saman epli og appelsínur eins og stundum er sagt<sup>1</sup>. Í fyrsta áfanga rammaáætlunar var beitt annarri aðferð sem gaf raunhæfari samanburð.

## **Urriðafossvirkjun**

---

<sup>1</sup> Jafnvel þó hlutverk veitu væri ekki að umbreyta ótryggri orku í tryggja orku, eins og LV segir að hlutverk Norðlingaölduveitu verði, gefur þessi aðferð gefi rétta mynd af arðsemi veita í samanburði við virkjanir þar sem ekkert tillit er tekið til afskrifta og rekstrarkostnaðar þeirra virkjana sem nýta vatnið, sem væntanlega eykst eftir því sem meira vatni er hleypt um mannvirkin.

Það kemur verulega á óvart að Urriðafoss skuli settur í virkjunarflokk. Í Þjórsá er verðmætur laxastofn í húfi eins og fram kemur í gögnum. Lax og laxveiði skapar mikil efnisleg verðmæti. Svo ber okkur samkvæmd alþjóðlegum samþykktum að vernda líffræðilega fjölbreytni. Þær mótvægisáðgerðir sem vísað er til hafa ekki alltaf reynst vel. Í tilviki sem þessu á náttúran að njóta vafans.

## **Félagsleg áhrif og virkjanir í Þjórsá**

Hvammsvirkjun og Holtavirkjun í Þjórsá falla í virkjunarflokk. Það kemur ekki á óvart þegar samanburður náttúruverðmæta er skoðaður. Ef marka má gögnin, er það fyrst og fremst menningarlandslag sem spillt verður með framkvæmdum. En menningarlandslag er líka falleg sveit, heimaslóð, sem mörgum er hjartfólgin og þar sem býr fólk sem vaknar á hverjum morgni og nýtur þess sem fyrir augum ber. Umhverfið er orðið hluti af því sjálfu og sjálfsmynd þess. Við slíkar aðstæður þarf að líta til annarra þátta sem ekki er tekið tillit til í rammaáætlun 2. Það eru félagsleg áhrif virkjunar. Umræðan undanfarin misseri bendir til þess að framkvæmd á þessu svæði muni ekki bara breyta yfirbragði afar fallegrar sveitar heldur einnig valda þungu og hugsanlega varanlegum andlegu álagi hjá mörgum íbúum sem eiga daginn og veginn í þessari sveit. Sálarheill samfélagsins er því í húfi. Því væri óskandi að Þjórsá fengi að vera í friði á þessu svæði, enda er búið að umturna henni svo um munar þar fyrir ofan og því mál að linni.

## **Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjanir - línutenging**

Í gildandi skipulagi fyrir hálendi Íslands er gert ráð fyrir að háspennulína geti farið þvert yfir hálendið. Ég tel að þegar þetta verður betur skoðað komi í ljós að afleiðing hálendislínu yrði svo alvarleg fyrir ímynd hálendisins og Íslands, að frá þessum áformum verði horfið. Í þingsályktunartillögunni eru Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun I og II settar í nýtingarflokk. Ef forsendan fyrir þessum þremur virkjunum er frekari línulagnir á hálendinu, jafnvel línur þvert yfir hálendið, yrðu umhverfisáhrif afar alvarleg. Því ber að gera þann fyrirvara um þessar virkjanir, að þær eigi því aðeins heima í virkjunarflokki ef það tekst að tengja þær raforkuneti landsins án þess að spilla yfirbragði hálendisins með línulögnum. Að öðrum kosti falli þær í verndarflokk.

## **Stórar heildir óraskaðra svæða**

Sérstakar ábendingar faghóps I (bls. 72 í skýrslunni „Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar“) vöktu athygli mína. Þar segir að“ af þeim 30 svæðum sem metin voru búa tíu efstu yfir mjög miklum náttúru- og menningarminjum. Þessi svæði eru Vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, Torfajökulssvæðið, vatnasvið Jökulánni í Skagafirði, Þjórsárver og Þjórsá ofan Sultartanga, vatnasvið Skaftár, Vonarskarð, vatnasvið Markarfljóts, Kerlingarfjöll, vatnasvið Hvítár í Árnessýslu og vatnasviðs Skjálfandafljóts. Að mati faghóps I ætti ekki að

ráðstafa þessum svæðum til nota sem samrýmast illa eða ekki hinum ríku verndarhagsmunum". Gott væri ef þessi ráð fengju þyngra vægi í þingsályktunartillögunni en raun ver vitni. Ég tek líka undir þær ábendingar að suðurhálandið austur að Hverfisfljóti, eða jafnvel að Grænalóni, hafi afar mikla sérstöðu sem óraskað og virkt gosbelti með hátt verndargildi og beri að vernda sem samfelda heild.

## **Lokaorð**

Þó virkjunarhugmyndir falli í virkjunarflokk er það ekki sjálfkrafa ávísun á virkjun. Ákvörðun um virkjun er margþætt ferli (rannsóknarheimild, mat á arðsemi, mat á umhverfisáhrifum, virkjunarheimild, skipulagsákvæðanir [allt að þrjár], framkvæmdaheimild, aðliggjandi línur) þar sem ýmislegt nýtt getur komið fram þegar fjallað er um hvert þrep í ákvörðunarferlinu. Því má vænta þess að einhverjir kostir sem taldir eru eiga heima í virkjunarflokki komi ekki til framkvæmda þegar á reynir.